

Skólaslit 2009 – ávarp rektors.

Hver er þessi þrá eftir að skapa eitthvað úr engu? Hvað er þetta að vilja endilega búa til eitthvað nýtt, eitthvað sem aldrei hefur verið til, og enginn biður um? Af hverju getum við ekki bara látið þetta vera, þetta er fínt eins og það er,- jú, sjálfsagt að bæta það sem við eigum, en af hverju endilega að umturna því öllu, henda því, og setja eitthvað annað í staðinn, eitthvað sem við höldum að sé nýtt? Er það nýtt? Er eitthvað til sem er nýtt? Við spyrjum, - eitt rekst á annað, engin ákveðin svör, engin fullvissa. Efasemdir.

Ágætu nemendur, þið sem útskrifist núna, fyrstu nemendurnir eftir *hrunið*, hvað get ég sagt ykkur, sem kemur ykkur að gagni og þið viljið treysta? Segi ég ykkur að framtíðin sé björt, er ég ekki viss um að þið viljið trúá mér? Segi ég ykkur að tækifærin bíði ykkar, svarið þið þá ekki bara að þau séu nú heldur fá og fjarlæg. Get ég bent ykkur á störfin svo þið getið unnið fyrir ykkur með list ykkar, varla í bráð en það á nú við fleiri greinar en listirnar, og ef segi ég ykkur að menntun ykkar og hæfileikar séu mestu verðmætin spyrjið þið núna hvernig það geti nú komið ykkur að góðu. Málið er, að það sem áður var er ekki lengur, og það sem nú er var ekki þá. Veröldin að vori er önnur en sú sem lagðist undir feldinn í haust.

Ég ætla samt að segja við ykkur að þetta er allt gott, - já gott, og betra. Ekki auðvelt, en ekki illt og ekki vont. Þetta bara gekk ekki eins og það var, fljótandi áfram, meinlaust, átakalaust, allt hægt og fyrirstaðan lítil, soldið af þessu og soldið af hinu, veljum bara það besta, hrærum því saman, og allir eru ánægðir, - eða þannig. Listin gat ekki verið svona auðveld, það vitið þið úr vinnunni ykkar í skólanum. Eitthvað varð að gefa sig, það varð að komast út sem þurfti að anda, það varð að fá frelsi sem við þurftum að heyra, og það þurfti birtu sem við þurftum að sjá. Það brestur í sprungunum, glerjungurinn splundrast, brotin hrökkva til allra átta, og við stöndum eftir berskjölduð, - en sönn. Leyfum því að vera þannig og byrjum upp á nýtt, ... öðruvísi.

Við sjáum ekki leiðina framundan, hún er ekki merkt, en hún er þarna einhvers staðar. Og þú, ungi listamaður, þú finnur veginn, þú hefur hlutverk. Þú skáldar veginn upp, skáldar hann upp úr engu, fyllir út blaðið, lætur hljómana dynja, flýgur í dansi, og þú teiknar í skýin. Nú er vitsins þörf, ekki bara eitthvað fallett, ekki bara eitthvað sem passar saman, - nei, heldur einmitt hitt, það sem vill ekki, rekst á, er óþekkt, truflandi, stingandi, og

kanski meiðandi. Bara það sé vit, skilningur, hugsun, dýpt, vilji, eitthvað sem krefst, eitthvað sem kallar, kallar eftir mér, og kallar eftir þér.

Þú býrð það til úr engu, þú finnur það undir sólinni, það er þarna og það er hér, láttu það gerast, hugsaðu, vandaðu þig vel, notaðu vitið, gáfurnar, þekkinguna, og þér mun takast. Já, það er nýtt, - já, það er sannarlega nýtt. Sjálfsagt blasir leiðin við þegar við höfum hana að baki.